

Nr. 10/1996.

Föstudaginn 27. september 1996.

**Farmanna- og fiskimannasamband Íslands  
vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags  
Norðlendinga**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

**Landssambandi íslenskra útvegsmanna  
f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands  
vegna Sæbergs hf.**

(Jónas Haraldsson hdl.)

Dómsvald Félagsdóms. Frávísun.

**Úrskurður Félagsdóms.**

Mál þetta úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingi-  
björg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálms-  
son.

Málið, sem tekið var til úrskurðar 13. þ.m., var þingfest 8. júlí sl.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgar-  
túni 18, Reykjavík, vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norð-  
lendinga, Skipagötu 14, Akureyri.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegs-  
mannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., kt. 671272-2189, Aðal-  
götu 16, Ólafsfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn grein 1.02 og III. kafla  
greinar 1.03., sbr. I. kafla sömu greinar í kjarasamningi Landssam-  
bands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Far-  
manna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 265.537  
samkvæmt grein 1.53. í kjarasamningi Landssambands íslenskra út-  
vegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiski-  
mannasambands Íslands hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað  
samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nem-  
ur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að málinu verði vísað frá Félagsdómi.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins vegna frávisunarkröfunnar krafðist stefnandi þess að frávisunarkröfunni verði hrundið og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

*Málavextir.*

Félagsmaður stefnanda, Einar Sveinsson, kt. 270165-5089, starfaði hjá stefnda á tímabilinu 31. mars 1995 til 20. mars 1996, ýmist sem annar stýrimaður eða sem netamaður á rækjutogaranum Baldri EA-108, nú Hvannbergi ÓF-72. Að sögn stefnanda lét Einar af störfum þann 20. mars 1996 vegna ágreinings við útgerðina um uppgjörshætti og skil á sammingsbundinni aflahlutdeild.

Forsaga málsins er sú að Einar Sveinsson leitaði til stéttarfélags síns, Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, í því skyni að láta félagið kanna hvort rétt hefði verið staðið að uppgjóri launa hans vegna þess aflaverðmætis sem Baldur kom með að landi í formi iðnaðarrækju. Þegar Einar byrjaði að starfa hjá stefnda var afli skipsins verkaður í þrjár afurðir, þ.e. frysta rækju á Japansmarkað, suðurækju og iðnaðarrækju sem fór til frekari vinnslu í landi.

Ágreiningur aðila stendur um útreikning aflaverðmætis þess hluta rækjunnar sem verkuð var sem iðnaðarrækja. Á tímabilinu 31. mars 1995 til 20. mars 1996 var heildarmagn rækju sem verkuð var og landað sem iðnaðarrækja 876.621 kg. Fyrir þennan afla voru stefnda greiddar kr. 115.000 fyrir hvert tonn í peningum og eitt tonn af rækjukvóta (rækjuafلامark). Hér var því um svokölluð „tonn á móti tonni“ viðskipti að ræða. Gert var upp gagnvart skipverjum miðað við peningagreiðslur þær sem inntar voru af hendi í þessum viðskiptum.

Í hinum svokölluðu „tonn á móti tonni“ viðskiptum fær útgerðarmaður tvenns konar greiðslu fyrir landaðan afla. Annars vegar fær útgerðin peningagreiðslu miðað við magn og hins vegar fær hún kvóta í formi aflamarks þeirrar fisktegundar sem viðskiptin varða.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Stefnandi byggir málssókn sína á því að stefnda hafi verið skylt að gera upp aflaverðmæti og greiða laun í samræmi við ákvæði laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og ákvæði greinar 1.02., III. kafla greinar 1.03., sbr. I. kafla sömu greinar í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegs-

manna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands hins vegar. Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum laga og kjarasamninga beri útgerðarmönnum að greiða laun miðað við það heildarflaverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að við uppgjör aflahlutar hafi stefndi lagt rangt aflaverðmæti til grundvallar við ákvörðun skiptaverðmætis og að þannig hafi hann dregið stóran hluta aflaverðmætis undan hlutaskiptum. Með þessum starfsaðferðum hafi stefndi greitt skipverjum sínum lægri aflahluti, en þeim hafi borið samkvæmt lögum og kjarasamningum, sbr. lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti o.fl. Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi sé skiptaverðmæti hans til hlutaskipta og aflaverðlauna 76% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann við sölu, sbr. 1. gr. s.l. Lög þessi verði ekki túlkuð á annan veg en þann, að um leið og veiddur afli er kominn um borð í fiskiskip öðlist skipverjar, samkvæmt lögnum, hlutdeild í verðmæti aflans. Í raun megi segja að skipverjar öðlist eignarhlutdeild í veiddum afla um leið og hann kemur inn fyrir borðstokkinn. Skiptahlutfallið sé lögákveðið og verði ekki breytt nema vegna tilfallandi breytinga á olíuverði en í lögnum segir „Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti.“

Lögin um skiptaverðmæti sé grundvöllur að launakerfi sjómanna og hluti af kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar, sbr. gr. 1.02. í samningnum. Ljóst sé að verðmæti aflans, í skilningi 1. gr. laganna, geti ekki verið háð einhliða ákvörðun útgerðarmanns, enda væri þá algerlega þýðingarlaust að ákveða skiptaprósentu með kjarasamningsgerð og löggjöf sem þessari ef útgerðarmaður gæti síðan breytt forsendum útreiknings að eigin hentugleika. Sú háttsemi stefnda að miða uppgjör launahluta og greiða skipverjum launahluti miðað við kr. 115 per/kg þegar stefndi hafi raunverulega selt sama afla fyrir tæplega tvöfalt verð, þar sem nær helmingur greiðslu hafi farið fram með greiðslu aflamarks í úthafs-rækju, sem ekki kom til skipta til sjómanna, fól að mati stefnanda í sér ólögmetá ráðstöfun stefnda og jafnframt brot á tilvitnuðum lögum sem og kjarasamningi aðila.

Þar sem raunverulegt aflaverðmæti hafi verið mun meira en fram komi á uppgjörum til skipverja hjá stefnda þá hefði þeim borið

hærrí launahlutir. Hér sé um grundvallarspurningu að ræða. Alkunnna sé að laun sjómanna ráðist nær eingöngu af aflaverðmæti því sem skip hans kemur með að landi. Ef talið yrði að útgerðarmaður hefði sjálfðæmi um það hvert heildaraflaverðmæti væri í skilningi laga og kjarasamninga væri öllum stoðunum kippt undan kjarasamningum sjómanna. Slíkt myndi einnig eyða öllum grunnforsendum kjarasamninga. Þannig væri tilgangslaust að semja um launakjör á grundvelli aflaverðmætis í kjarasamningum ef ákvörðun um raunverulegt verðmæti aflans væri alfarið á valdi útgerðar. Sama eigi við um lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti. Þýðingarlaust sé að setja sérstaka löggjöf um skiptaverðmæti til þess að tryggja launakjör sjómanna ef forsendur útreiknings þess, þ.e. aflaverðmætið, sé háð einhliða ákvörðun útgerðaraðila.

Að mati stefnanda er kjarni þessa máls orðalag 1. gr. laga nr. 24/1986. Spurningin sé hvernig beri að skýra eftirfarandi orðalag:

„1. gr. þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann“.

Að mati stefnanda þessa máls er ótvírætt að skýra verði þessa grein laganna og kjarasamningsins þannig að allt það verðmæti sem skip kemur með að landi úr veiðiferð komi til skipta við ákvörðun launahluta. Í greininni sé skýrlega talað um að við hlutaskipti skuli miða við það heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann. Af þessu sé augljóst að öll verðmæti koma til skipta og í þeim efnum skipti ekki máli hvort greitt er fyrir aflann með peningum eða einhverju öðru. Ef greitt er með öðrum verðmætum en peningum eins og gert hafi verið í þessu máli verði að meta þær greiðslur til peningavirðis og skipta þeim verðmætum eins og lög og kjarasamningar gera ráð fyrir.

*Rökstuðningur stefnda fyrir frávisunarkröfunni.*

Stefndi kveður kröfu stefnanda alfarið snúast um það, hvort Sæberg hf. útgerð Hvannbergs ÓF-72, hafi gert rétt upp við Einar Sveinsson, en stefnandi telji hann eiga inni hjá útgerðinni vangreidd vinnulaun að fjárhæð kr. 651.233 með orlofi. Af hálfu stefnda Sæbergs hf. er því mótmælt að útgerðin skuldi Einari Sveinssyni eftirstöðvar vinnulauna. Mótmælir stefndi kröfugerð stefnanda vegna Einars Sveinssonar, þ.e. útreikningum og forsendum kröfunnar.

Telur stefndi að mál þetta verði ekki dæmt, nema tekin sé um leið

afstaða til kröfugerðar Einars Sveinssonar, sem stefndi mótmælið sem rangri. Þá bendir stefndi á að Einar Sveinsson hafi horfið fyrirvaralaust úr starfi. Hafi útgerðin heimild til hýrudráttar, sbr. 2. mgr. 60. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, krafa sem yrði væntanlega höfð uppi til skuldajöfnunar kröfu Einars Sveinssonar á hendur útgerðinni í máli fyrir héraðsdómi.

Stefndi heldur því fram, að krafa stefnanda byggist á því að 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun hafi verið brotin. Þá sé því haldið fram af hálfu S.S.Í., að um sé að ræða þátttöku í kvótakaupum. Um mál vegna kvótakaupa útgerðar og áhafnar hafi Hæstiréttur fjallað, sbr. Hæstaréttardóm 15. febrúar 1996. Var þar um að ræða fjárkröfu eins skipverja á bát, sem krafði útgerðina eftir að hann var hættur störfum um vangreidd laun, mismun sem stafaði af sameiginlegum kvótakaupum. Þótt hér sé ekki um sameiginleg kvótakaup að ræða þá telur stefndi að svipað eigi við varðandi málsmeðferð og dómstól þegar veitt er svokallað tonn á móti tonni. Fordæmi Hæstaréttar sé því fyrir því að um ágreining í þessum efnun, þ.e. um meint kvótaviðskipti og áhrif þess á ákvörðun fiskverðs, sé fjallað um fyrir héraðsdómi, enda verði peningakrafan ekki aðskilin frá efnisafgreiðslu málsins, enda órjúfanlegt samhengi þar í milli. Breyti engu þótt fallið sé frá kröfu um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar en krafist neikvæðs viðurkenningardóms á grundvelli máls Einars Sveinssonar, eins og stefnandi stilli málinu upp.

Sektarkrafa stefnanda byggir á því að kjarasamningar hafi verið brotnir. Vísað sé í gr. 1.02. kjarasamninga F.F.S.Í. og L.Í.Ú., en þar sé vísað í lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, þ.e. ágreiningur um túlkun laga, þ.e. hvort gert hafi verið upp við áhöfn af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir afla. Þá sé vísað í gr. 1.03. III um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila. Sá kafla eigi ekki við, enda ekki deilt um þau atriði sem þar standa. Þá sé vísað til I. kafla sömu greinar, þar sem aftur er vísað í lög nr. 24/1986 1. gr. og 10. gr. Áréttar stefndi að sjómannasamtökin hafi aldrei gert athugasemdir né haft uppi kröfu gagnvart L.Í.Ú. í kjarasamningum eða formlega með öðrum hætti varðandi það að veitt sé af veiðheimildum fiskkaupanda.

Stefndi byggir frávisunarkröfu sína á því, að ágreiningsefni það, sem lagt hefur verið fyrir Félagsdóm með málshöfðun þessari, falli

efnislega ekki undir dóm svið Félagsdóms. Þar sem kröfur stefnanda liggja utan dómsvalds Félagsdóms verði að vísa máli þessu frá Félagsdómi, enda eigi mál sem þetta beint undir almenna dómstóla, eins og dómafordæmi sýni. Breyti engu þótt stefnandi reyni að dulbúa málið með málalíbúnaði sínum með því að fella niður fjárkröfuna og breyta kröfugerðinni í kröfu um neikvæðan viðurkenningadóm. Aðilar deili eingöngu um það, hvaða skilning eigi að leggja í lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun að mati stefnda. Verði að telja almennum dómstólum rétt að meta öll atriði er kaupkröfur varða og skýra að því leyti kjarasamninga sem vitnað er til.

Kjarna málsins telur stefndi snúast um hreina túlkun lagaákvæða, þótt niðurstaða þeirra lagatúlkana hafi að sjálfsgöðu áhrif á kjör sjómanna, eins og ýmis önnur lög hafa haft, sbr. t.d. lög nr. 19/1987 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafra, 3. mgr. 6. gr. í lögum nr. 66/1987 um aðgerðir í sjávarútvegi 2. gr. Í þeim tilvikum hafi ekki orðið ágreiningur um innihald þeirra laga eða túlkun, en hefði orðið svo, hefði Félagsdómur ekki átt dómsvald um slíka lagatúlkun, frekar en í máli þessu. Ágreiningur máls þessa snúist ekki um skilning á ákvæðum kjarasamnings eða hvernig eigi að túlka hann í heild eða einstökum greinum. Ágreiningurinn fjalli eingöngu um skýringu á lögum, þ.e. lögum nr. 24/1986, sem kjarasamningur F.F.S.Í. og L.Í.Ú. vitni til og úrlausn þess heyri ekki undir Félagsdóm.

Stefndi telur það utan hlutverks Félagsdóms að leggja efnisdóm á mál þetta, eins og það er vaxið. Félagsdómur sé sérdómstóll og beri að túlka ákvæði hans um dómsvald þröngt, nema fyrir hendi sé í lögnum skýr afdráttarlaus heimild sem feli Félagsdómi úrlausn máls um lagaágreiningu. Svo sé ekki og beri því að vísa máli frá Félagsdómi, enda ekki verið að deila um gildi kjarasamnings eða túlkun hans, sem sé skilyrði þess að Félagsdómur geti dæmt um ágreininginn, sbr. 2. tölulið 44. gr.

#### *Niðurstaða.*

Í 1. mgr. greinar 1.02. í kjarasamningi aðila er tekið fram, að um skiptaverðmæti afla fari eftir lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Í I. kafla laganna er kveðið á um heildarverðmæti afla jafnt sem önnur atriði er varða skiptaverðmæti. Ákvæði kjarasamnings aðila felast að þessu leyti eingöngu í tilvísun til laganna. Snýst því ágreiningur aðila máls þessa í

reynd um ákvörðun og útreikning á skiptaverðmæti. Við úrlausn á þeim ágreiningi reynir á túlkun laganna nr. 24/1986.

Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur, er verkefni Félagsdóms að dæma í málum sem rísa út af kærnum um brot á kjarasamningi eða út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Ákvæði laga nr. 80/1938 um valdsvið Félagsdóms, sem er sérdómstóll, ber að túlka þröngt. Með vísan til þessa fellur málið ekki undir dómssvald Félagsdóms.

Ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað sem ákveðst kr. 75.000.

Uppkvæðning úrskurðarins hefur dregist vegna forfalla forseta dómsins.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, greiði stefnda, Landsambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., kr. 75.000 í málskostnað.

### **Dómur Hæstaréttar 15. október 1996.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Gardar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. október 1996, sem barst Hæstarétti ásamt kærnumálgötum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Félagsdóms um frávísun frá dómi 27. september 1995. Kæruheimild er í 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur, sbr. XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærnumálskostnaðar. Til vara krefst sóknaraðili þess, verði fallist á frávísun málsins frá Félagsdómi, að málskostnaður þar fyrir dómi og kærnumálskostnaður verði látinn falla niður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærnumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður verður staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Farmanna og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, greiði varnaraðila, Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

---